Hitalagnir: Inntaksgrind og dreifikistur.



Hliðarmynd gólfgeislakista



ALMENNAR SKÝRINGAR.

EFNI:

Pípustærðir stálröra eru í mm (innra Þvermál).
ø15 mm ø25 mm ø40 mm
ø20 mm ø32 mm ø50 mm
Pípustærðir pexröra eru í mm (innra Þvermál).
ø15 mm ø25 mm ø40 mm
ø20 mm ø32 mm ø50 mm
Pípur innanhúss skulu vera svört stálrör með skrúfuðum fittings og pex-rör fyrir gólfhita. Gæði stálröra skal vera í samræmi við staðal DIN 2440 eða samsvarandi. Allar pípur í gólfhitakerfi skulu vottaðar fyrir vatn allt að 70 °C.

FRÁGANGUR:

Allar stálpípur skal mála með góðri ryðvarnarmálingu. Allar pípur skal leggja þannig að eðlileg þensla þeirra hindrist ekki. Á lagnir skal setja tæmingarloka og lofttæmingarskrúfur þar sem við á.

FESTINGAR:

Festingar á lóðréttum rörum séu mest með 2 m bili, en upphengd lórétt rör með 1.5 m til 3 m bili, háð sverleika röra (ca. 100 x Þvermál röra). Þar sem pípur eru sýnilegar og óeinangraðar skulu festingar miðast við það, t.d. gjörð sem grípur um rör og skrúfist á fæti við vegg og skal allur frágangur vera mjög snyrtilegur.

EINANGRUN LAGNA:

Allar stálpípur í hitakerfinu skal einangra með 15 mm glerullar-hólkum (20 mm ef rör eru Ø25 mm eða stærri), eða með sambærilegri einangrun. Einangrun skal sívefja með þar til gerðu plastbandi. Yfirlöppun skal vera í lágmarki og bent er á að æskilegt er að plastbandið fyrir allar heitar pípur sé gatað, þannig að það sé ekki rakaþétt.
Þar sem lagnir eru sýnilegar skal auk þess klætt með þar til gerðum plasthólkum (með eða án öfostri einangrun).
Lögn í hitaklefa skal einnig einangra í þeim mæli sem hægt er og mála eða merkja með þ.t.g. merkjum hvað lögnin flytur, appelsínu-rautt fyrir heitt vatn (túr) og gult fyrir kalt vatn (retúr).
Einangrun og frágangur einangrunar skal uppfylla eldvarnarkröfur.

TÁKN Á TEIKNINGUM:

- Táknar framrás (túr).
- Táknar bakrás (retúr).
- Táknar framrás og bakrás þar sem lagnir liggja saman á grunnmynd.
- Táknar tengilögn stjórntækja.
- Táknar renniloka.
- Táknar stilliloka (t.d. sætisloka með eða án stillikvarða).
- Táknar tæmingarloka.
- Táknat tæmingarskrúfu.

Sjá ennfremur skýringar í Íslenskum staðli ÍST 64 og sérskýringar við lögn í hitaklefa.

Eftirfarandi styttingar eru notaðar á teikningum um staðsetn. lagna:

ÁV	= Á vegg.	UGL	= Undir glugga.
ÍE	= Í einangrun.	UL	= Undir lofti.
ÍG	= Í gólfrauf.	USP	= Undir stigapalli.
ÍV	= Í veggrauf.	VG	= Við gólf.
ÞN	= Pípa fer niður.	YD	= Yfir dyrum.
ÞU	= Pípa fer upp.	YGL	= Yfir glugga.
UD	= Undir dyrum.	YL	= Yfir lofti, þ.e. á næstu salarhæð.
UG	= Undir gólfi, þ.e. á næsta salarhæð.		

Samþykkt
30 MAI 2008
Byggingarfulltrúi uppsveita Árnessýslu

Skýringar:

TÓV
TEIKNISTOFAN ÓÐINSTORGI, VERKFRÆÐIDEILD ehf.
Óðinsgötu 7
101 Reykjavík
Netfang: tov@to.is
Sími 510 2211 Fax 510 2201

Verkefni: Sumarhús í Svínahlíð- Grafningi

Heiti: Hitalagnir: Inntaksgrind og dreifikistur.

Hönnun: VÍFILL ODDSSON VERKFRÆÐINGUR
kt. 101237-3629 FVFÍ – FRV
GÚSTAF VÍFILSSON VERKFRÆÐINGUR
kt. 231163-5069 FVFÍ

Áritun aðalhönnuðar:

M.
R. G.V.
T. J.S.
Dags. Maí 2007 Nr. 1161-4- 1